



Jens Heiðar Ragnarsson
slökkviliðsstjóri
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 2. desember 2020

Varðar: Uppsögn á samningin um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla.

Undirrituðum hefur borist athugasemd um að samningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slökkviliðs Akraness um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla uppfylli ekki ákvæði 2. mgr. 92 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011 sem er eftirfarandi.


„Samvinna sveitarfélaga skal ávallt grundvallast á samningi viðeigandi sveitarfélaga, sem ekki öðlast gildi fyrir en hann hefur fengið staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna. Sé ekki ítarlegri ákvæði að finna í lögum skal í samningi um samvinnu að lágmarki kveðið á um form samvinnu, ákvarðanatöku, slit samvinnu og fjárhagsleg atriði.“

Í ljósi þessa sem og þess að samningurinn er frá árinu 2004 og margt hefur breyst frá þeim tíma segir undirritaður samningnum upp og óskar eftir því í leiðinni að teknar verði upp viðræður um nýjan samning á milli liðanna. Fram að því að nýr samningur liggur fyrir leggur undirritaður til að unnið verði eftir 3. mgr. 20. gr. laga um brunavarnir nr. 75 frá 2000 þar sem eftirfarandi kemur fram.

„Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við slökkvistarf eða viðbrögð við mengunaróhappi utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum í umdæmi slökkviliðs sé stofnað í hættu að hans mati. Það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum.“

Óskað er eftir staðfestingu þinni á þessu erindi og samþykki á tillögu um að rifta samningnum frá 8. mars 2004 og að hefja viðræður um gerð nýs samning á milli liðanna.

Virðingarfyllst,


Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Meðfylgjandi: Samningur um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla, dagsettur 8. mars 2004.